

## AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli  
á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. september  
til 31. desember 1985.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. ágúst 1985:

Söltuð ufsaflök:	DM pr. lest cif.
1650/up FF .....	4 700,00
1250/1650 FF .....	4 390,00
1100/1250 FF .....	4 030,00
1000/1100 FF .....	3 600,00

Verðbil verður 3,5% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Verðgrundvöllur þessi verður því aðeins tekinn upp á tímabilinu, að hráefnisverði verði sagt upp og því breytt.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 14. ágúst 1985.*

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

*Sigurður P. Sigmundsson.*

## AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli  
á söltuðum þorsklökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. september  
til 31. desember 1985.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á söltuðum þorsklökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. september til 31. desember 1985:

Söltuð þorsklök:	US \$ pr. lest cif.
Flokkur A 700/up .....	3 200,00
Flokkur A 400/700 .....	3 050,00
Flokkur A 200/400 .....	2 850,00
Flokkur A 100/200 .....	2 500,00
Flokkur B 700/up .....	3 050,00
Flokkur B 400/700 .....	2 800,00
Flokkur B 200/400 .....	2 500,00
Flokkur B 100/200 .....	2 050,00